



Reykjavík 16. nóvember 2020

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Þó tekist hafi að hefta útbreiðslu veirunnar sem veldur covid 19 sjúkdómnum þá erum við ekki komin í mark. Faraldurinn geisar enn víða um heim og lítið má út af bregða til að smit komi í samfélagið. Ný reglugerð vegna faraldursins tekur gildi næstkomandi **miðvikudag 18. nóvember og gildir til 1. desember**. Því miður virðist okkur ekki vera óhætt að auglýsa helgihald hvíldardagsins en það kemur ekki í veg fyrir að við getum sent út guðsþjónustur og beðið fyrir mönnum og málefnum. Samkvæmt nýrri reglugerð breytist sem sé fátt er varðar samkomuhald í kirkjum landsins. Starfið í sóknunum tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og prestar, sóknarnefndir og starfsfólk kirknanna verður að meta það hvort starfið rúmast innan þeirra reglna sem í gildi eru hverju sinni.

Sem fyrr má finna nýjustu reglugerðirnar á vef heilbrigðisráðuneytisins. Í 3. grein reglugerðarinnar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, kemur fram að **10 manna hópreglan á við kirkjuathafnir** hvers konar, svo sem giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur. **Við útfarir mega koma saman 30 einstaklingar**. Ég minni á það sem áður hefur komið fram að **ekki er leyfilegt að hólfaskipta kirkjurými** eða öðrum rýmum sem notuð eru. Tveggja metra regla gildir og grímuskylda þar sem ekki er hægt að tryggja tveggja metra regluna.

Þar eð smitum hefur fækkað stórlega verður **útfaravaktin** á höfuðborgarsvæðinu lögð af frá og með 18. nóvember.

Um **fermingarstarfið** gildir 10 manna reglan, tveggja metra reglan og grímuskyldan þar sem ekki er hægt að tryggja tveggja metra regluna. Prestar verða, eins og áður segir að meta það hvort hægt er að hitta fermingarbörnin í ljósi reglnanna eður ei. Hið sama gildir um **TTT starf, sunnudagaskóla og annað barnastarf**, sem og **foreldramorgna**. Bænahópar og aðrar slíkar samverur geta farið fram innan áðurnefndra marka.

Næsta sunnudag er síðasti sunnudagur kirkjuársins. Nýtt kirkjuár er handan við hornið. Það sem liðið er kemur ekki aftur en reynsla, þekking og lærdómur þessa árs fara með okkur inn í nýja árið. Og það gerir einnig Guð sem við felum allt okkar ráð og dáð.

Ég byrja reisu mín,
Jesús, í nafni þín,
höndin þín helg mig leiði,
úr hættu allri greiði.
Jesús mér fylgi í friði
Með fögru engla liði.

Í voða, vanda og þraut
vel ég þig förunaut,
yfir mér virstu vaka
og vara á mér taka.
Jesús mér fylgi í friði
Með fögru engla liði.

Hallgrímur Pétursson

Þau bréf sem send hafa verið vegna heimsfaraldursins eru öll aðgengileg á heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is, sjá hér: <https://kirkjan.is/default.aspx?pageid=709c618c-efd6-4f9b-994e-da97cda7b696>.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,

A handwritten signature in blue ink, reading "Agnes M. Sigurðardóttir". The signature is written in a cursive style and is centered within a light blue rectangular background.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.